

Nd.

468. Frumvarp til laga

[99. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sérstaka lánadeild við Búnaðarbanka Íslands, og heitir hún Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Tilgangur stofnlánadeildar er að gera efnalítlum mönnum fært að hefja búskap í sveitum landsins.

3. gr.

Stofnlánadeild lánar eingöngu frumbýlingum til jarðakaupa, búpeningskaupa og verkfæraakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinni keyptu eign, og heimilast að lána hæst út á jörð 50% kaupverðs og út á búpening og verkfæri $\frac{2}{3}$ skattmats. Vextir af lánunum séu 4% árlega. Afborgunarfrestur sé 40 ár á jarðakaupalánum, en 10 ár á lánunum til bústofns- og búvélakaupa.

4. gr.

Ríkissjóður skal í upphafi leggja stofnlánadeild 1 milljón króna sem lánsfé, er afborgist án vaxta á 10 árum.

5. gr.

Auk þess fjár, sem um getur í 4. gr., skal stofnlánadeildin afla sér rekstrarfjár og útlánafjár með því að taka móti sparisjóðsinnlögum með þeim kjörum, er hér segir:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu og í öðrum deildum Búnaðarbankans. Sparifé þetta skal vera skattfrjálst, svo og vextir af því sem tekjur, ef þeir eru lagðir við höfuðstólinn, enda sé spariféð óuppsegjanlegt nema með minnst 6 mánaða fyrirvara. Skytt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt sú eign reiknist ekki með við skattaútreikning.

6. gr.

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama hátt sem annarra deilda bankans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1952.